



Formannafundur 27. ágúst 2013 kl. 17.30 að Varmá.

Dagskrá fundar.

1. Kynning á nýjun Íþróttastjóra.
2. Bæjarsamningar kynntir.
3. Æfingatafla vetrarinnis.
4. N1 Samningur-skipting.
5. Önnur mál.

Mættir fyrir hönd Mosfellsbæjar:

Haraldur Sverrisson, Björn Þráinn Þórðarson og Theodór Kristjánsson.

Mætt fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar:

Geirarður Long, Gylfi Gíslason, Lára B Helgadóttir, Auður Gunnarsdóttir, Guðjón Helgason, E. Hekla Klemenzdóttir.

Mætt fyrir hönd deilda:

Sigurður Andrésón (karfa), Jónas Pétur Aðalsteinsson (sund), Ingólfur Garðarsson (fótbolti), Brynja Jónsdóttir (fimleikar), Sigrún Auðunsdóttir (fimleikar), Dagný Kristinsdóttir (badminton), Inga Lilja Lárusdóttir (handbolti), Ólafur Ingi Óksarsson (frjálssar), Guðrún Kristín Einarsdóttir (blak)

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri og Indriði Jósafatsson íþróttastjóri sátu fundinn.

Guðjón Helgason setti fundinn kl:17:30 og bauð viðstadda velkomna til fundar.

1. Kynning á nýjun Íþróttastjóra.

Indriði Jósafatsson nýráðinn íþróttastjóri kynnti sig og fór yfir starfsferil sinn, og kvaðst hlakka til að starfa hjá félaginu. Boðin velkominn af fundarmönnum.

2. Bæjarsamningar kynntir.

Haraldur Sverrisson byrjaði á að þakka félaginu fyrir þann skilning sem sýndur var bæjarfélaginu, þegar draga þurfti úr framlögum bæjarins til félagsins vegna efnahagsástandsins. Í nýjum samningi kæmi þessi lækkun til baka og gott betur. Hann lýsti ferlinu sem nokkuð erfiðu en að lokum hefði náðst samkomulag sem vonandi sem flestir væru ánægðir með. Samningurinn gildir í 5 ár og það sé til mikilla hagsbóta fyrir báða aðila að gera samning til langs tíma.

Theodór Kristjánsson lýsti ánægju með hugmyndafræðina að baki samningnum og tók undir með Haraldi að samningaferlið hefði verið nokkuð strangt. Hann óskaði þess að nú tækist að eyða ákveðinni tortryggni sem honum hefði fundist einkenna samskipi bæjarins og félagsins.

Björn Þráinn Þórðarson, fór yfir þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulagi samninga um Tungubakka og Íþróttafjör, og lagði áherslu á að reksturinn verði með sama hætti og verið hefur og í fullu samstarfi við félagið.

Fyrirspurnir komu úr sal og var þeim svarað.

Að því loknu, yfirgáfu fulltrúar Mosfellsbæjar fundinn.

3. Æfingatafla vetrarinn.

Indriði Ípróttastjóri fór yfir töfluna og kynnti nýtt fyrirkomulag við gerð hennar þar sem m.a. fullt samráð var haft við deildir um gerð hennar og svo mun verða í framtíðinni. Fáeinar nýungar kynntar. Umræður og fyrirspurnir úr sal sem Indriði veitti svör við.

4. N1 Samningur-skipting.

Jóhann Már Helgason kynnti skiptingu á N1 samningnum.

Umræður spunnust um skiptinguna og ýmsir lýstu óánægju sinni með hana.

Átak verður á haustmánuðum um framkvæmd samningsins, söfnun korta o.þ.h.

5. Önnur mál.

Guðrún Kristín Einarsdóttir vildi í framhaldi af umræðum um N1 samninginn lýsa óánægju með skiptingu fjármuna til meistaraflokka og las upp eftirfarandi opið bréf.

Opið bréf – formannafundur Aftureldingar 27. ágúst 2013.

Ástæða þessa erindis er meðhöndlun stjórnar Aftureldingar á þeim bæjarstyrk sem samningar hafa náðst um og viljum við sem stöndum að rekstri meistaraflokka karla og kvenna í blaki koma á framfæri okkar sýn og skoðunum um úthlutun styrkveitingarinnar.

Fyrri samningur Mosfellsbæjar og Aftureldingar hljóðaði uppá 6 milljónir króna og skiptist það jafnt á milli þriggja deilda og fékk hver deild í sinn hlut 2 milljónir. Þær deildir sem fengu styrk á þessum samningstíma og skiptu með sér styrknum voru Meistaraflokkar karla og kvenna Knattspyrnudeild og Meistaraflokkur karla í handknattleik. Nýr samningur á milli Aftureldingar og Mosfellsbæjar er tilefni til að gleðast og ber að þakka stjórn Aftureldingar fyrir þeirra starf og ekki síður Mosfellsbæ.

Blakdeild Aftureldingar hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í efstu deild kvenna án styrkveitingar frá Mosfellsbæ, en á undan þeim tíma hefur blakdeildin verið með lið í næst efstu deild kvenna frá árinu 2003. Blakdeild Aftureldingar í úrvalsdeild, gerði sér grein fyrir því að ekki væri aðgengilegt að fá styrkveitingu frá Mosfellsbæ á sínu fyrsta keppnisári en gerði sér vonir um að fá hlutdeild í þeim styrk sem var veittur frá Mosfellsbæ á sínu öðru ári.

Við breytingar þær sem voru gerðar með nýjum samningi á milli Mosfellsbæjar og Aftureldingar var stigið stórt skref í að stórbæta þann styrk sem Mosfellsbær veitir og ljóst er að sá styrkur mun koma til með að breyta miklu fyrir þær deildir sem falla undir styrkskilgreininguna.

Blakdeild Aftureldingar var mjög sátt með heildarupphæð þá sem veitt var og gerði sér vonir um að jöfn skipting mundi eiga sér stað á milli deilda og tilgangur styrkveitingarinnar væri að styðja við rekstur allra deilda félagsins.

Sú niðurstaða sem varð við úthlutun á styrkveitingunni af hálfu stjórnar Aftureldingar var okkur mikil vonbrigði þar sem heildarstyrkúthlutun til Blakdeildar var kr. 909.026 eða um 8% af heildarstyrkupphæð. Framreiknað, miðað við gefnar forsendur, er ljóst að Blakdeildin mun fá mjög lítinn hluta af þeirri styrkupphæð sem veitt er af Mosfellsbæ og þá er spurningin um hver tilgangur styrkveitingarinnar er.

Við mótmælum með hvaða hætti þessum styrk er ráðstafað þar sem það er ljóst að minni deildir í rekstri, en ekki í árangri, munu ekki fá að njóta góðs af þeirri jákvæðu nálgun sem Mosfellsbær hefur veitt Aftureldingu. Blakdeildin hefur þegar fundað með stjórn

Aftureldingar og komið á framfæri sínum mótmælum hvað þetta varðar og komið á framfæri tillögum til stjórnar Aftureldingar um nýjar nálganir.

Eftir að ákveðið var að útdeiling á N1 styrknum yrði með sama hætti að þá var alveg ljóst að mælirinn er að nálgast það að vera fullur. Einnig hefur komið í ljós að aðrar deildir félagsins eru sömu skoðunar. Meistaraflokkur kvenna í handbolta og báðir meistaraflokkar í blaki hafa fundað um þessi styrkmál og óánægjan er mikil báðum megin.

Undirritaðir aðilar lýsa því hér með yfir að ákvörðun stjórnar Aftureldingar hefur leitt til þess að við erum alvarlega að meta starf okkar fyrir félagið og við erum komin að þolmörkum. Á sama tíma og við gleðjumst fyrir hönd annara deilda að þá er alveg ljóst að ákvörðun þessi mun geta haft neikvæðar afleiðingar fyrir það góða starf sem er í gangi í félaginu og ekki síst gagnvart undirrituðum aðilum.

Með vinsemd og virðingu

Blakdeild Aftureldingar

Meistarflokksráð kvk Handknattleiksdeild Aftureldingar

.....

Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður blakdeildar Aftureldingar og formaður mfl. karla **Blak**.

.....

Svava Ýr Baldvinsdóttir (formaður) mfl kvenna **Handknattleik**

.....

Sigurbjörg Kristjánsdóttir stjórnarmaður mfl. kvenna **Handknattleik**

.....

Steinn Einarsson formaður mfl. kvenna **Blak**

.....

Grétar Eggertsson stjórnarmaður mfl. kvenna **Blak**

.....

Hafdís Björnsdóttir stjórnarmaður mfl. kvenna **Blak**

.....

Brynja Haraldsdóttir stjórnarmaður mfl.karla **Blak**

.....

Heiða Sigrún Andrésdóttir stjórnarmaður mfl. karla **Blak**

.....

Mundína Kristinsdóttir stjórnarmaður mfl. kvenna **Blak**

Að loknum lestri bréfsins hófust umræður um það og sumir lýstu sig sammála efni þess, aðrir ekki. Stjórn félagsins lýsti markmiðum sínum og skýrði úthlutunina. Gylfi Gíslason sagði að sjálfsagt hefði mátt ræða skiptinguna betur við deildir og kynna málið betur, en það væri ekki víst að það hefði breytt þeirri ákvörðun sem tekin var.

Ólafur Ingi Óskarsson var ósáttur og taldi að aðalstjórn hefði ekki næganlegt samráð við deildir þegar ákvarðanir væru teknar í stórum málum, eins og t.d. samningagerð við bæjaryfirvöld og sagðist hefði viljað sjá samninginn við Mosfellsbæ áður en hann var undirritaður. Undir þetta tók Sigurður Andésson. Jóhann Már framkvæmdastjóri taldi að gott samráð hefði verið við formenn þegar stefna samningsins var mótuð og átti bágt með sjá hvað hefði mátt betur fara.

Hekla Klemenzdóttir tók undir með Jóhanni og taldi að það væri aðeins til að auka á flækjustigið að fara þá leið að auka samráðið og sagðist treysta þeim sem tækju að sér að semja fyrir hönd félagsins. Guðjón Helgason útskýrði síðan ferlið. Inga Lilja Lárusdóttir gerði athugasemd við ákvörðun aðalstjórnar um skiptingu bæjarsamnings er varðaði meistaraflokka félagsins og þá sérstaklega hvort aðalstjórn myndi ekki eðlilegt að svona stór mál kæmu til umræðu á formannafundi áður en ákvörðun væri tekin af aðalstjórn. Inga Lilja gerði einnig athugasemd við, að formlegu bréfi hafi ekki verið svarað sem hún sendi fyrir hönd handknattleiksdeildar í tölvupósti þann 14. júní til Guðjóns formanns og Jóhanns framkvæmdarstjóra, um áhyggjur handknattleiksdeildar, af hvernig þessu fé yrði skipt.

Spurningar úr sal um Minningarsjóðinn, fyrirspurnum svarað.

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl. 20.00.

Hekla Klemenzdóttir ritaði fundinn.